



LEIÐBEINGAR FYRIR FRAMBJÓÐENDUR TIL TILNEFNINGARNEFNDAR VARÐANDI MAT Á ÓHÆÐI

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur meðlimum, skipaðir árlega til setu í eitt ár. Tveir nefndarmenn skuli kosnir árlega á aðalfundi bankans. Sami háttur og hafður er á kosningu stjórnarmanna í samþykktum bankans og hlutafélagalögum nr. 2/1995 gildir um kosningu nefndarmanna tilnefningarnefndarinnar.

Samkvæmt 2. gr. starfsreglna tilnefningarnefndarinnar skulu þeir tveir nefndarmenn sem hluthafar kjósa vera óháðir bankanum og daglegum stjórnendum en jafnframt skal einn nefndarmaður vera óháður stórum hluthöfum bankans. Við mat á óhæði nefndarmanna skal leggja til grundvallar sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið.

Við matið skal miða við þau sjónarmið sem fram koma í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.¹ Mat stjórnar mun byggjast á upplýsingum sem frambjóðendur skulu leggja fram.

Stjórn tekur ákvörðun þegar álitamál er um um óhæði nefndarmanns. Lögfræðisvið Arion banka hf. veitir frekari ráðgjöf til frambjóðenda sé þess óskað.

Hluthafar verða upplýstir um niðurstöður matsins fyrir hluthafafund á vef bankans og upplýsingarnar sömuleiðis birtar í stjórnarháttayfirlýsingunni. Frambjóðendum og kjörnum nefndarmönnum ber að tilkynna um breytingar sem verða á högum þeirra sem geta haft áhrif á það hvort þeir teljast óháðir.

Mat á óhæði frambjóðenda

Stjórnin skal meta óhæði frambjóðenda fyrir hluthafafund félagsins og birta niðurstöður matsins á vef bankans.²

Frambjóðandi er ekki óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess:

1. Ef hann/hún er eða hefur verið stafsmaður félagsins [Arion banka] eða nátengds félags³ undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í tilnefningarnefnd félagsins.
2. Ef hann/hún þiggur eða hefur þegið verulegar greiðslur⁴ frá félaginu [Arion banka], nátengdu félagi eða daglegum stjórnendum þess, fyrir utan stjórnarlaun, t.d. sem ráðgjafi eða verktaki, undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í tilnefningarnefnd félagsins.

¹ Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, gefið út af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, 5. útgáfa, maí 2015 - <http://www.leidbeiningar.is/>.

² Hér er átt við óhæði gagnvart félaginu sem og stórum hluthöfum.

³ Ef félagið ræður yfir, hvort heldur beint eða óbeint, að lágmarki 10% af heildarhlutfalli eða atkvæðavægi í öðru félagi skal hið síðarnefnda félag teljast nátengd. Ef félagið ræður yfir 50% eða meira af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í öðru félagi skal félagið teljast hafa óbein yfirráð yfir eignarhlutum síðarnefnda félagsins í öðrum félögum

⁴ Við mat á þessu ber bæði að líta til þess hvort greiðslurnar geti talist verulegar fyrir félagið sjálft sem og umræddan nefndarmann, t.d. hvort þær hafi verið/séu talsverður hluti af tekjuöflun nefndarmannsins.



3. Ef hann/hún er eða hefur verið síðastliðið ár, í umtalsverðum viðskiptum við félagið [Arion banka] eða nátengd félög [Arion banka], t.a.m. sem viðskiptavinur, birgir eða samstarfsaðili, eða hefur mikilla annarra viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu, hvort heldur persónulega eða í gegnum annað félag.
4. Ef hann/hún er einn af daglegum stjórnendum annars félags þar sem einn af stjórnarmönnum þess er daglegur stjórnandi í félaginu [Arion banka].
5. Ef hann/hún er, eða hefur verið undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í tilnefningarnefnd [Arion banka], meðeigandi ytri endurskoðanda félagsins [Arion banka] eða nátengds félags, eða starfsmaður sem tekið hefur þátt í ytri endurskoðun félagsins [Arion banka].
6. Ef hann/hún er tengdur nánnum fjölskylduböndum⁵ daglegum stjórnendum félagsins [Arion banka] og/eða aðila sem nefndur er í töluliðunum hér að framan ef sá aðili er í beinum eða óbeinum viðskiptum við félagið [Arion banka] og þau eru slík að umfangi að ekki er réttlætanlegt að telja nefndarmanninn óháðan.

Frambjóðandi er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins⁶ [Arion banka]:

1. Ef hann/hún hefur bein eða óbein yferráð yfir félaginu [Arion banka] eða er stjórnarmaður eða starfsmaður hjá aðila sem hefur yferráð yfir félaginu [Arion banka].
2. Ef hann/hún á stóran hlut í félaginu [Arion banka] eða er stjórnarmaður eða starfsmaður hjá aðila sem á stóran hlut í félaginu [Arion banka].

Þau tilvik sem gætu valdið hæði frambjóðenda eru ekki tæmandi talin hér að framan og verður stjórn félagsins því að meta önnur atriði þar sem hagsmunir frambjóðenda og félagsins geta skarast, bæði í reynd og á sýnd. Má í því samhengi til að mynda líta til þess hvort frambjóðandinn hafi verið óháður félaginu samfellt í meira en sjö ár og hvort einstaklingar eða lögaðilar honum tengdir séu í slíku sambandi við félagið og lýst er í töluliðunum hér að framan.

Framangreinda mælikvarða á óhæði á ekki að túlka á þann hátt að komið sé í veg fyrir mikilvæga fjölbreytni og breidd meðal nefndarmanna.

Óskað er eftir því að hver og einn frambjóðandi lýsi yfir óhæði eða hæði sínu í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar (sjá eyðublað um tilkynningu um framboð á vef bankans hér).

⁵ Hér er miðað við hvort viðkomandi nefndarmaður er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

⁶ Stór hluthafi er hver sá sem ræður yfir a.m.k. 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í félaginu, einn eða í samstarfi við tengda aðila.